


Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar

Norðurhelli 2

221 Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18.02.2020
Málsnr:	1909291
Bréfal:	521

Efni: Lækjarhvammur 1.Grendarkynnig vegna lóðarstækkunar.

Þegar raðhúsallengjan Lækjarhvammur 1-15 var byggð var ein íbúð í hverju húsi. Síðar fóru eigendur Lækjarhvamms 1 fram á að fá skipta húsi sínu í tvær íbúðir þar sem sonur þáverandi eiganda og sambýliskona ætluðu að búa í kjallaranum. Við nágrannar samþykktum þetta af tillitsemi við þáverandi eigendur. Á þeim tíma gerðum við okkur ekki grein fyrir að húsið yrði síðan selt sem tvær íbúðir.

Nýlega fóru núverandi eigendur fram á að fá að setja hurð a gافل hússins til að geta opnaði út úr íbúð sinni í átt til suðvesturs. Við íbúar að Lækjarhvammi 5 samþykktum það gegn því að þau myndu þinglýsa því að íbúðin yrði ekki leigð til airbnb. Þetta hafa eigendur ekki staðið við.

Fyrir um ári síðan hófu íbúar neðri hæðar Lækjarhvamms 1.framkvæmdir á lóð sinni. Þessar framkvæmdir fólu meðal annars í sér að búið er að koma fyrir tveimur garðhúsum á lóðinni. Annað húsið er mun stærra en hitt og stendur út í ystu lóðamörk. Ekki er annað að sjá en þarna sé um óleyfisframkvæmd að ræða. Ekki á að vera hægt að breyta skipulagi til að aðlaga það óleyfisframkvæmd. Nú lítur svæðið út eins og kofaborg sem lýtir ásjónu fallelgrar raðhúsallengju. Ekki myndi ásjón raðhúsallengjunnar lagast ef eigendur allra húsa í raðhúsallengjunni byggðu sambærilega kofa á lóðum sínum.

Í ljósi þessa, þá erum við eigendur að Lækjarhvammi 5 alfarið á móti því að lóðin við Lækjarhvamm 1 verði stækkuð og krefjumst þess að stærra garðhúsið verði fjarlæggt eða flutt frá lóðarmörkum til að uppfylla gildandi skipulag.

Þess má geta að ekki hefur verið gengið frá spjöllum sem unnin voru á grasi utan núverandi lóðar við ofangreindar framkvæmdir og lítur það svæði illa út.

Hafnarfirði 17.02.2020



Guðmundur Þórðarson